



## ERINDISBRÉF

### Vísindaráðs Landspítala

Við Landspítala starfar vísindaráð sem er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastarf á sjúkrahúsinu. Það á við um vísindastefnu sjúkrahússins gagnvart háskólastofnunum og einkafyrirtækjum hér á landi eða í öðrum löndum.

Vísindaráð Landspítala er skipað tíu mönnum til fjögurra ára, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnar 3. febrúar 2014.


Vísindaráð hefur það hlutverk að sjá um kynningu á vísindastarfi sem fram fer á spítalanum. Árlega skulu haldnir vísindadagar þar sem markverðar vísindaniðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólk spítalans, fræðimönnum og almenningu. Þá skal vísindaráð vera til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á Landspítala.

Vísindaráð á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala samkvæmt reglum sjóðsins.

Vísindaráð skal vera vísinda- og þróunarsviði Landspítala til ráðgjafar um þau verkefni hennar sem snúa að háskóla- og vísindastarfi og þróun heilbrigðisvísinda.

Vísindaráð skal í upphafi hvers árs gera framkvæmdastjórum vísinda- og þróunarsviðs grein fyrir verkefnum fyrra starfsárs, svo og áætlunum komandi árs. Skal þetta vera starfsmönnum spítalans aðgengilegt, sem og fundargerðir ráðsins.

Reykjavík, 20. febrúar 2014



Páll Matthíasson, forstjóri